

Reykjavík 5. desember 2019

Reykjavíkurborg  
borgarráð/borgarstjórn  
b.t. skrifstofu borgarstjórnar  
Ráðhúsinu Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

**Erindi: Beiðni um einfalda ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna útgáfu skuldabréfa Félagsbústaða**

Á fundi stjórnar Félagsbústaða hf. sem haldinn var 5. desember 2019 samþykkti stjórn félagsins fjárhagsáætlun ásamt lánsfjáraætlun ársins 2020.

Lánsfjáraætlunin nemur 3,5 milljörðum króna og er ráð fyrir að hún verði fjármögnuð með útgáfu félagslegra skuldabréfa. Um er að ræða aukna útgáfu í áður útgefum flokki félagslegra skuldabréfa. Skuldabréfin eru gefin út í þeim tilgangi að fjármagna verkefni hjá félaginu í samræmi við ramma Félagsbústaða um félagsleg verkefni. Andvirði skuldabréfanna verður notað til að mæta fjárfestingarþörf félagsins og/eða nýtt til endurfjármögnunar.

Stjórn félagsins óskar eftir því að eigandi þess, Reykjavíkurborg, veiti einfalda ábyrgð vegna útgáfu skuldabréfanna á grundvelli 1. mgr. 69. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 til tryggingar á endurgreiðslu bréfanna vegna útgáfu á árinu 2020.

Veiti borgarstjórn samþykki á ábyrgð bréfanna verður niðurstaða útboða hverju sinni lögð fyrir borgarráð til samþykktar áður en tilboð verða formlega samþykkt.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir  
framkvæmdastjóri

Afrit:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Meðfylgjandi er:

Fundargerð stjórnarfundar Félagsbústaða frá 4. október 2019